

Úrskurður í máli 2/2010-2011

Kærandi: Björg Marteinsdóttir og Ólafur Einarsson.

Kærðu: Jóhannes Kr. Kristjánsson blaðamaður DV og ritstjóri og ritstjórn DV vegna fyrirsagna í blaðinu.

Kæruefni: Umfjöllun DV 16. júlí 2010.

Málsmeðferð

Kæra barst siðanefnd (SBÍ) með bréfi dagsettu 15. september 2010 ásamt fylgigögnum, meðal annars leiðréttingarkröfu til DV dags. 8. september 2010, og í kjölfarið var óskað eftir greinargerð frá kærða. Greinargerð barst frá Jóhannes Kr. Kristjánssyni 18. október 2010. SBÍ tók málið síðan fyrir 26. október og 9. nóvember 2010.

Málavextir

Í hinni kærðu umfjöllun voru vegna ætlaðs brots á 3. grein siðareglna, fyrirsagnir DV á forsíðu og við greinina sjálfa á bls. 18-19 kærðar og fullyrft að fyrir þessum fyrirsögnum („að boðið sé upp á lækningu við Krabbameini og MND“ og „að seld sé lækning við Krabbameini og MND“) finnst engin stoð. Einnig er kært að DV hafi tekið af heimasíðu í eigu hjónanna „tvær myndir ófrjálsri hendi og notar þær í tvígang hvora, í umfjöllun sinni“.

Umfjöllun

Kærendur segja í kærubréfi sínu: „Hvergi á heimasíðu okkar www.o3.is er minnst á lækningu við MND en á einum stað er talað um mögulegt ferli og tilkomu þess sjúkdóms. Það sama á við um heimasíðu William Hitt Center www.williamhittcenter.com en þar er yfir höfuð ekki minnst á MND. Því eru þessar fyrirsagnir úr lausu lofti gripnar.“ Ekki er í kærubréfinu talað um krabbameins-tilvísun fyrirsagnanna, heldur eingöngu MND og verður því að álykta að eingöngu sé átt við fyrirsagnirnar hvað MND-sjúkdóminn varðar.

Í greinargerð kærðu segir: „Á vefsíðunni o3.is er birtur verðlisti um lækningu við ýmsum kvillum á vegum William Hitt Center“ og „DV lítur svo á að með því að birta verðlista yfir „meðferð“ William Hitt center við sjúkdómum sé verið að selja slíka „meðferð.“ Hvað MND-sjúkdóminn varðar er vísað til viðtals við formann MND-félagsins, Guðjón Sigurðsson, í téðri umfjöllun, þar sem kemur fram að honum hafi verið boðin „meðferð“ við sjúkdómnum, en formaðurinn hefur þó eftir „einhverri konu“ (á vegum o3.is) að hún hafi dregið aðspurð „til baka“ að „MND sjúkdómurinn hefði verið læknaður á þessari stofnun í Mexíkó“. Síðar hafi formanninum verið sent bréf þar sem honum hafi verið „bent á „meðferðarmöguleika“ William Hitt center við MND sjúkdómnum“. Í niðurstöðum greinargerðar kærðu segir: „Fyrirsagnir og umfjöllun DV standast að öllu leyti grundvallaratriði blaðamennsku. Með því að birta verðlista um „meðferðir“ William Hitt Center og bjóða upp á hópafslætti er verið að selja „meðferðirnar“, auk þess sem reynt var að selja Guðjóni Sigurðssyni formanni MND félagsins „meðferð“ mexíkósku stofnunarinnar við MND með símtali frá Ólafi Einarssyni eins af forsvarsmönnum o3.is“.

SBÍ er einhuga um þann orðaskilning að með því að bjóða upp á „meðferð“ sé ekki verið að bjóða upp á eða lofa „lækningu“. Hvergi á téðum vefsíðum er með beinum hætti boðið upp á lækningu við MND-sjúkdómnum og viðtalið við Guðjón Sigurðsson styður heldur ekki slíka fullyrðingu í fyrirsögnunum. Á vefsíðunni o3.is er í tvígang nefndur sá möguleiki að „vinna

bug á“ krabbameini, en SBÍ lítur sem fyrr segir ekki svo á að það sjúkdómshugtak í fyrirsögnunum sé kært. SBÍ telur hvað MND-sjúkdómurinn varðar að fyrirsagnirnar eigi sér ekki stöð í umfjölluninni sjálfri og að þar með hafi 3. grein siðareglna verið brotin, hvað vönduð vinnubrögð varðar; fyrirsagnir fullyrða meira en lesa má í sjálfri fréttinni sem þeim fylgja.


Kæruatriði hvað varðar að DV hafi tekið tvær ljósmyndir af vefsíðu kæranda ófrjálsri hendi er utan við úrskurðarsvið SBÍ (sem lögreglurannsóknar- og/eða innheimtumáli) og er vísað frá.

Úrskurður:

Kærði, DV, braut með tédum fyrirsögnum 3. gr. siðareglna. Brotið er ámælisvert.

Kæruatriði hvað varðar að DV hafi tekið tvær ljósmyndir af vefsíðu kæranda ófrjálsri hendi er vísað frá.


Reykjavík 9. nóvember 2010




Björn Vignir Sigurpálsson




Hjörtur Gíslason



Friðrik Þór Guðmundsson



Jóhannes Tómasson



Ásgeir Þór Árnason